

**Schengen-samstarf**

**06 397**

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Schengen-samstarf**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón**

**dómsmálaráðuneytisins**

**kt. 580417-0510**

**Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Schengen-samstarfið felst í grundvallaratriðum í tvennu. Annars vegar afnámi persónubundins eftirlits á innri landamærum Schengen-landanna og hins vegar mótvægisáðgerðum, sem felst einkum í samvinnu evrópskra lögregluliða, til að tryggja öryggi borgara á Schengensvæðinu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 10 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 384,4 milljónir og afkoma kr. 88,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 77,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 149,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu fjárlagaliðarins Schengen-samstarf í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning fyrir fjárlagaliðinn Schengen-samstarf fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Bergur Sigurjónsson,  
Rekstrarstjóri, skrifstofu fjármála og rekstrar

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	160.600.000	148.800.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	223.606.222	292.960.428
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	233.896	321.630
<b>Tekjur samtals</b>		<b>384.440.118</b>	<b>442.082.058</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	35.742.595	31.203.779
Framlög og tilfærslur .....	5	147.023.846	151.375.988
Annar rekstrarkostnaður .....	6	184.697.473	204.796.431
Afskriftir .....	7	233.896	321.630
<b>Gjöld samtals</b>		<b>367.697.810</b>	<b>387.697.828</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>16.742.308</b>	<b>54.384.230</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		0	(1.950)
		72.067.397	(1.950)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>88.809.705</b>	<b>54.382.280</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	185.933.551	160.658.268
Rekstrartilfærslur .....		(97.123.846)	(106.275.988)
		<b>88.809.705</b>	<b>54.382.280</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		611.076	844.972
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>611.076</u>	<u>844.972</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	135.595
Handbært fé .....		148.795.252	450.110.031
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>148.795.252</u>	<u>450.245.626</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>149.406.328</u>	<u>451.090.598</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	8		
Hrein eign .....		77.706.160	(17.503.545)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>77.706.160</u>	<u>(17.503.545)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	50.743.830	371.708.240
Viðskiptaskuldir .....		0	10.222.600
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	16.845.262	82.318.331
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	4.111.076	4.344.972
<b>Skuldir samtals</b>		<u>71.700.168</u>	<u>468.594.143</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>149.406.328</u>	<u>451.090.598</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		88.809.705	54.382.280
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	233.896	321.630
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(233.896)	(321.630)
		<u>88.809.705</u>	<u>54.382.280</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		135.595	(135.595)
Tengdir aðilar .....		(314.564.410)	232.529.335
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(75.695.669)	5.896.124
		<u>(390.124.484)</u>	<u>238.289.864</u>
		<u>(301.314.779)</u>	<u>292.672.144</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
		<u>(301.314.779)</u>	<u>292.672.144</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		450.110.031	157.437.887
		<u>450.110.031</u>	<u>157.437.887</u>
		<u>148.795.252</u>	<u>450.110.031</u>
		<u>148.795.252</u>	<u>450.110.031</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	160.600.000	148.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	233.896	321.630
	<u>160.833.896</u>	<u>149.121.630</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	101.600.000	45.400.000	0	147.000.000
Fjáraukalög 5 .....	(100.000)	0	0	(100.000)
Launabætur .....	9.200.000	4.500.000	0	13.700.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>110.700.000</b>	<b>49.900.000</b>	<b>0</b>	<b>160.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum .....	75.233.551	(147.023.846)	0	(71.790.295)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>185.933.551</b>	<b>(97.123.846)</b>	<b>0</b>	<b>88.809.705</b>

	2020	2019
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	223.606.222	292.675.230
Ýmsar tekjur .....	0	285.198
	<u>223.606.222</u>	<u>292.960.428</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	27.378.475	23.571.964
Orlof, breyting .....	1.828.356	2.017.268
Launatengd gjöld .....	6.249.764	5.400.547
Starfsmannakostnaður .....	286.000	214.000
	<u>35.742.595</u>	<u>31.203.779</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	2,5	2,3
------------------------------	-----	-----

### 5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....	0	15.247.616
Rekstrartilfærslur aðrir .....	147.023.846	136.128.372
	<u>147.023.846</u>	<u>151.375.988</u>

### 6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	0	452.702
Matvæli .....	0	15.153
Vörukaup, almenn .....	0	467.855
Fundir, námskeið, risna .....	0	219.530
Ferðir, uppihald .....	304.152	6.870.085
Akstur .....	0	341.024
Sérfræðiþjónusta .....	4.989.654	6.587.300
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	10.150	11.707
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	0	48.360
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta .....	5.303.956	14.078.006

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Annar rekstrarkostnaður framhald</b>		
Afnotagjöld .....	156.137	808.640
Leigugjöld .....	0	57.658
Kostnaðarhlutdeild .....	179.237.380	189.343.497
Tryggingar, lögboðnar .....	0	40.775
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	179.393.517	190.250.570
Annar rekstrarkostnaður samtals	184.697.473	204.796.431
	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	611.076	844.972
	611.076	844.972
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:		
		<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>
Staða 1.1.2020 .....		7.407.499
		7.407.499
Afskriftir 1.1.2020 .....		6.562.527
Afskrift ársins .....		233.896
		6.796.423
Staða 31.12.2020 .....		611.076
<b>8 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(17.503.545)	(71.885.825)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	6.400.000	0
Afkoma ársins .....	88.809.705	54.382.280
Jöfnuður 31.12. ....	77.706.160	(17.503.545)
Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.		
<b>9 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	50.012.606	370.193.540
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	731.224	1.514.700
	50.743.830	371.708.240
<b>10 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	4.295.192	2.466.836
Önnur ógreidd gjöld .....	12.550.070	79.851.495
	16.845.262	82.318.331

## Skýringar

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	611.076	844.972
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	3.500.000	3.500.000
	<u>4.111.076</u>	<u>4.344.972</u>

  

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	844.972	3.500.000	4.344.972
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(233.896)	0	(233.896)
	<u>611.076</u>	<u>3.500.000</u>	<u>4.111.076</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 12 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gert skuldbindandi samninga.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.